

Inngangsorð forstjóra

Ölgerðin hefur unnið markvisst að sjálfbærni frá árinu 2013 og hefur gefið út sjálfbærnisráskýrslu um stöðu og markmið síðan þá. Þetta er þriðja árið sem gefin er út UFS-skýrsla samhlíða ársreikningi í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq-kauphallarinnar, útgáfu 2 frá maí 2019. Að okkar mati sýnir skýrslan rétta og samgjarna mynd af þessum þáttum fyrir samstæðuna og hvernig við hyggjumst ná árangri á næstu árum.

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar þess. Það er trú fyrirtækisins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri þess og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Ölgerðin stefnir að því að styrkja samkeppnishæfni sína með því að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði. Ný stefna var innleidd á síðasta ári í fyrirtækinu þar sem megináhersla er á vöxt, stafræna þróun, sjálfbærni og fjölbreytileika. Allt fyrirtækið vinnur þannig markvisst að því að finna verkefni í sjálfbærnivegferð þess.

Ölgerðin skrifaði undir yfirlýsingu í nóvember 2015, ásamt yfir 100 öðrum fyrirtækjum, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum. Nú þegar hefur markviss vinna skilað því að fyrirtækið hefur dregið úr kolefnisspori sínu frá rekstri (umfang 1 og 2) um 65% frá árinu 2016. Ölgerðin tók þessa vinnu enn lengra á síðasta ári og setti sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miðar að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target („SBT“)). Ölgerðin hefur sett sér markmið um að draga úr losun frá rekstri um 42% til viðbótar (umfang 1 og 2) og mæla og minnka umfang 3. Þá hefur fyrirtækið sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Ölgerðin mun þannig minnka áhrif sín á umhverfið eins mikið og unnt er og binda það sem stendur eftir með vottuðum kolefniseiningum.

Ein af megináherslum í stefnu fyrirtækisins er aukinn fjölbreytileiki. Við leggjum áherslu á að laða til okkar starfsfólks með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kyni og á öllum aldri. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn og hugmyndir og á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika starfsmanna og sköpum þannig eftirsóttari vinnustað.

Viðhorf og neysluvenjur eru stöðugt að breytast og framundan eru spennandi tímar. Við ætlum að setja enn meiri fókus á sjálfbærni og mæta nútímaþörfum viðskiptavina án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Við hlökkum til að takast á við þær áskoranir sem það hefur í för með sér og gera betur frá degi til dags og ávallt í sátt við viðskiptavini okkar og umhverfið.

Við erum partur af:



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION



Markmið Ölgerðarinnar árið 2021

| | | | | |
|--|--|---|--|---|
| ✓ Starfsánægja yfir 85% | ✓ Jafnréttisvinna hélt áfram þar sem umhverfi og menning var sérstakleg skoðuð | ✓ Öryggis- og vinnuverndarstefna innleidd til að gera vinnuverndarstarf markvissara | ✗ Núllsýsastefna (náðist ekki) | ✓ Auka vöruúrval hollari valkosta í drykkjarvörum |
| ✓ Hlutfallslega meira fjármagn varíð í markaðssetningu á hollari vörum | ✓ Fjölga viðskiptavinum í vefverslun og fjárfesta í vefverslun | ✓ Auka úrval hollari valmöguleika innfluttra matvara | ✓ Fjölgun rafbíla | ✓ Sjálfbærnistefna |
| ✓ Langtímastefna á sviði sjálfbærni | ✓ Aðgerðaáætlun á sviði sjálfbærni | ✗ 100% rPET (náðist ekki) | ✓ Stefna fyrir vottaðar kolefniseiningar | ✓ Loflagstengd áhætta og tækifæri – TCFD áhættumat |
| ✓ Minnkun matarsóunar | ✓ Umhverfisvænni framleiðslulína fyrir dósir | ✓ Nýtt umhverfisvænna kælikerfi | ✓ Styrkir til starfsfólks útvíkkaðir og hækkaðir | ✓ Ný jafnréttisstefna og ítarleg áætlun til ársins 2024 |

Stefna fyrirtækisins til 2024

Ölgerðin leggur allt kapp á að stækka, auka hagkvæmni í rekstri og skapa eftirsóttan vinnustað.

Við trúum því að vöxtur, fjölbreytileiki, stafræn þróun og sjálfbærni skili okkur bestum árangri – vöxtur, fjölbreytileiki, stafræn þróun og sjálfbærni. Allt fyrirtækið hefur komið að því að finna verkefni sem styðja við þessi fjögur lykilmarkmið. Á síðasta ári var lagt af stað með 300 verkefni og hefur tekist að ljúka yfir 100 þeirra nú þegar.

Vöxtur



Við ætlum að vaxa með vöruþróun, kaupum á umboðum og fyrirtækjum.

Við ætlum að vaxa með nýjum viðskiptavinum og aukinni sölu til núverandi viðskiptavina.

Vaxtarfókus viðheldur orkustigi og hugarfari sigurvegara.

Þetta skapar meiri starfsánægju og eftirsóttari vinnustað.

- Vöruþróun skilaði okkur 10% vexti á árinu.
- Kaup á umboðum af Ásbirni Ólafssyni ehf. og fjölgun viðskiptavina um 900 á árinu skilaði okkur góðum vexti.

Stafræn þróun til samkeppnisforskots



Við ætlum að nýta okkur stafræna þróun til samkeppnisforskots.

Við ætlum að nýta stafræna þekkingu til að eyða sóun í rekstri, auka sölu í vefverslun og vinna stafræn gögn til að skapa samkeppnisforskot.

Framsækið fyrirtæki er eftirsóttari vinnustaður.

- Miðlægt svæði 365.olgerdin.is.
- Sjálfvirknivæðing ferla með róbótum.
- PowerApps — rafvæðing ferla

Sjálfbærni til sigurs



Við ætlum að setja fókus á sjálfbærni og mæta nútímaþörfum viðskiptavina án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Hringrásarhagkerfi og kolefnishlutlaus Ölgerð.

Markviss vinna og einlægur vilji fyrirtækisins til að gera betur skapar tilgang.

Að vera í framfarðasveit íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærni skapar aukna starfsánægju og eftirsóttari vinnustað.

- Staðfesting á stefnu og eftirsóttari vinnustað.
- Science Based Targets um kolefnishlutlausu Ölgerð 2040 af SBT (e. Science Based Targets).
- Ný sjálfbærnistefna með mælanlegum markmiðum til ársins 2030.
- Hringrásarhagkerfisverkefni.

Fjölbreytileiki til árangurs



Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigðari vinnustaður.

Við leggjum áherslu á að laða til okkar starfsfólks með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kyni og á öllum aldri.

Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn og hugmyndir og á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga þjónustu fyrirtækisins að þeim.

Við náum betri árangri með fjölbreytileikanum og sköpum þannig eftirsóttari vinnustað.


- Ný stefna og áætlun um fjölbreytileika og jafnrétti samþykkt af Jafnréttisstofu.
- Markmið um að bæta fjölbreytileika í sumarráðningum inn í framleiðslu og vöruhúsi náð.
- Allt efni sem sent er út er bæði á íslensku og ensku.

Starfsemi Ölgerðarinnar


Matvælafyrirtæki í fremstu röð

Ölgerðin er leiðandi matvælafyrirtæki. Ölgerðin og dótturfélag framleiða, flytja inn og út, dreifa og selja drykkjavörur, matvæli og ýmsar sérvörur. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísi. Aðeins vörur sem eiga þess kost að vera fremstar í sínum flokki eru settar á markað og hverjum birgi sinnt sem hann væri sá eini.



Söluleiðir




Vöruflokkar



Hlutföll í rekstri




Afkoma og velta 2017-2021



Stefna Ölgerðarinnar

Mikilvægi starfseminnar og áherslur endurspeglast í stefnuþrámadila félagsins. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina.

Sífelld er leit að nýrri leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina hraðar og betur en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólki og eigendum.



Stjórnarhættir

Stjórn ÖES starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á sjötu útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útfærta af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Starfsreglurnar eru til að tryggja skilvirki í starfsemi stjórnarinnar sem og að tryggja rétta meðferð mála innan félagsins.

Ölgerðin vinnur eftir eðlulegum sem byggjast á gildum fyrirtækisins og gilda þær fyrir allt starfsfólk Ölgerðarinnar.

Fimm manns eru í stjórn ÖES, tvær konur og þrjú karlar, þar af er einn óháður stjórnarmaður.

Ölgerðin fékk sjöunda árið í röð viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti. Það eru Nasdaq Iceland, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og Stjórnvísir sem standa fyrir viðurkenningunni.


Framtíðarsýn Ölgerðarinnar

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til að framtíðarsýn verði að veruleika vinnur Ölgerðin eftir V.1-fyrirkomulagi í öllu fyrirtækinu. Markmiðið með V.1-vinnunni er að lágmarka og eyða sóun í fyrirtækinu. Markmiðið með V.1-vinnunni er að lágmarka og eyða sóun í fyrirtækinu. Markmiðið með V.1-vinnunni er að lágmarka og eyða sóun í fyrirtækinu.

Til að takast á við stór verkefni í sameiningu eru vikulegir fundir haldnir þar sem hver eining innan fyrirtækisins hittist og setur sér markmið sem snýr að heildarmarkmiði fyrirtækisins fyrir ákveðið tímabil. Þannig getur allt fyrirtækið í heild sinni tekist á við stór verkefni í sameiningu.



Fjöldi umbótaverkefna



V.1-húsið er sett upp til að sýna myndrænt hvaða aðgerðum eða leiðum Ölgerðin vill beita til að ná markmiðinu um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Þannig sýnir það hvernig stöðugar umbætur eru grunnurinn að allri starfseminni.

Áhersla er lögð á að skoða flæði í starfseminni með það að markmiði að eyða allri sóun. Til að komast í veg fyrir mistök, frávik og þess háttar er ávallt starfað samkvæmt stöðluðum vinnubrögðum. Unnið er með sjónræna stjórnun með það að markmiði að hafa yfirsýn og þróa starfsfólk.

Gildi Ölgerðarinnar

Jákvæðni

Við erum jákvæð fyrir breytingum og finnst gaman í vinnunni.

Við erum eini heild og allir leggja sitt af mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins.

Áreiðanleiki

Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur.

Gæði vöru og þjónustu eru fyrsta flokks.

JÁKVÆÐNI
ÁREIDANLEIKI
HAGKVÆMNI
FRAMSÆKNI

Hagkvæmni

Við vinnum stöðugt að umbótum í ferlum og rekstri.

Við leitum alltaf hagkvæmnustu leiða í innkaupum, fjárfestingum og rekstri.

Framsækni

Við ætlum alltaf að vera feti framari í þjónustu, nýjungum og þróunarlífi.

Við erum fjöt að taka ákvarðanir og láttum hlutina gerast.

Við þorum að taka áhættur og gera mistök en lærum af þeim.

JÁ dagurinn

Árlega heildur Ölgerðin starfsmannadag sem ber yfirskriftina JÁ dagur og er vísun í gildi fyrirtækisins.

Á JÁ deginum er starfsfólk upplýst um rekstur og stöðu fyrirtækisins og færð er yfir nýjungar, stefnur og trauma.


Samkeppnisforskot Ölgerðarinnar felst í þekkingu og mannaúdi og er hluti JÁ dagsins notaður í teymisvinnu þar sem starfsfólk vinnur saman við að leita leiða til umbóta.

Hagsmunaaðilar Ölgerðarinnar

Við mat á sjálfbærni er mikilvægt að skilgreina hlutverk lykilhagsmunaaðila fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni skiptast þeir í níu hópa en þeir eru samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld, neytendur, birgjar, þjónustuaðilar og umhverfið. Ölgerðin leggur sig fram við að upplýsa hagsmunaaðila um starfsemina og er afar mikilvægt að veita öllum hagsmunaaðilum áhættu og virkja þá til samvinnu. Á vefsíðu Ölgerðarinnar sem og samfélagsmiðlum eru upplýsingar birtar hagsmunaaðilum fyrirtækisins.

Samstarfsaðilar Birgjar Eigendur Neytendur Viðskiptavinir Stjórnvöld Starfsmenn Umhverfið Þjónustuaðilar

Ánægja viðskiptavina árið 2015-2019



Ánægja viðskiptavina

Ánægja viðskiptavina skiptir Ölgerðina miklu máli. Mánaðarlega gerir Maskina könnun sem mælir heildaránægju viðskiptavina sem er á bilinu 0-100. Meðaltal íslenskra fyrirtækja er 68 stig en árið 2021 var ánægja viðskiptavina Ölgerðarinnar 72 stig.

Ölgerðin vill gera betur og er stefnan sett á að skora 75 stig. Viðskiptavinurinn er ávallt í fyrsta sæti hjá Ölgerðinni.

Gæðastefna

Ölgerðin hefur sett sér gæðastefnu og vinnur eftir gæðakerfi sem er vottað samkvæmt stöðlum ISO 9001 og FSSC 22000.

Markmið stefnunar er að tryggja að starfsemi Ölgerðarinnar sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins en gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar.

Hugsunin um gæði þarf því að vera samofin öllum aðgerðum fyrirtækisins og ávallt þarf að hafa hag og þarfir neytenda Ölgerðarinnar í huga.



Sjálfbær vöxtur

Ölgerðin ætlar sér að stækka með hagkvæmum hætti og styðja þannig við hagvöxt og atvinnu. Því verður meðal annars náð fram með aukinni framleiðni, stafrænni þróun og lægmörkun á umhverfisáhrifum. Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Ölgerðin velur sér samstarfsaðila sem hafa sambærilegan meðnað og fyrirtækið þegar kemur að sjálfbærni.

Losunarkræfni tekna og rekstrarframlegðar minnkað milli ára

Losunarkræfni tekna og rekstrarframlegðar er vísur á það hvaða kolefnislosun verður til við að búa til verðmæti.


| Losunarkræfni tekna minnkaði um 10% milli ára | | | |
|--|-----|----------------------------------|------|
| Losunarkræfni rekstrarframlegðar minnkaði um 24% milli ára | | | |
| Losunarkræfni tekna | | Losunarkræfni rekstrarframlegðar | |
| 2020 | 539 | 2020 | 6225 |
| 2021 | 486 | 2021 | 4729 |

Aukning á vöruúrvali hollari valkosta í drykkjarvörum

Sykurmagn í seldum lítra af drykkjum Ölgerðarinnar hefur minnkað milli ára. Bæði hefur magn sykurs í sykrudum drykkjum minnkað, neytendur velja í auknum mæli sykurlausu eða sykurminni drykkjastosi og vöruúrval Ölgerðarinnar hefur aukist af hollari valkostum.

Nýjungar af hollari valkostum í drykkjarvörum árið 2021 voru m.a. Florida-angifer, sumar Kristall og sykurskert útgáfa af Jólaöli og Egils appelsíni.

Sykurmagn (grömm) pr líter



Vaxandi úrval áfengislausra bjóra

Mikil gerjun hefur verið í hérlandri björmenningu undanfarin rúman áratug og er gjarnan talað um bjórbytingu í þeim efnum. Óhætt er að fullyrða að aldrei hafi meiri gróska verið í bjórgerð hérlandis eða vöruframboð fjölbreyttara með bjórtegundum sem bjóða upp á marga ólíka eiginleika.

Borg Bruggúss hefur verið leiðandi í þeirri vegferð og meðal annars kynnt fjöldan allan af bjórstillum sem áður voru óþekktir hérlandis auk þess að innleiða þórun á bjór og mat í auknum mæli. Borg framleiðir fjölbreytt úrval hágræða bjóra af ýmsum toga sem leikið hafa lykilhlutverk bylingu íslenskrar björmenningar undanfarin misseri.

Um mitt árið 2021 kynnti Borg til leiks fyrsta áfengislausu bjórinn sem bruggaður er hérlandis; BRÍÓ NR.75, Wheat Ale. Viðtökumark létu ekki á sér standa og varð varan fjótt veltuhæsta bjórúrvalið í íslenskum matvöruverslunum. Borg leggur áherslu á vaxandi úrval áfengislausra bjóra í ólíkum stillum svo neytendur geti valið þann drykk sem hentar hverju tilefni.

Áfengislaus bjór getur verið dæmi um heilsusamlegan kost þar sem innihaldið er vatn, humlar og korn úr náttúrunni. Ekki skemma fyrir þau vítamín og steinefni sem fylgja. Á árinu voru settir á markað hágræða áfengislausir bjórar þar sem ekkert er gefið eftir í bragði til að svara þeim áhuga sem neytendur hafa sýnt. Sem dæmi kom á markað á árinu þau Yifa, Froðusleikir, Hrymur og Faldafeykir. YLFA hlaut alþjóðleg gullverðlaun í flokki áfengislausra bjórtegunda á European Beer Challenge.



Hollari valkostir af innfluttum vörum

Aukning varð í vöruúrvali á hollari valkostum í innflutningi. Samstarfsbirgjar okkar leggja áherslu á að þróa vöruúrval hollari valkosta og er stöðugt verið að horfa til framboðs þess til innflutnings.



Lifráent
Vegan
Án allra aukaefna
Glúten fritt
Án unnins sykurs

Dæmi um vöruúrvalið sem kom á markað á síðasta ári var sykurlaust sælgæti frá Carletti sem hingað til hefur aðeins framleitt sykrað sælgæti.

Dæmi um nýtt vörumerki er DigSnacks sem er vöruúrvalið af orkubítum sem er lifráent, vegan og glútenfritt og án unnins sykurs.

Cloetta (stór sælgætisbirgji) setti á markað sælgætistegund (hlaup) sem er með sætu úr ávaxtasýkri.



Meira vegan

Áhersla hefur verið á að auka veganframboð í vöruúrvali. Neytendur gera í auknum mæli tilraunir með grænkerafæði og geta ástæður verið mismunandi.



Á árinu varð viðbót í vöruúrvali Anamma með nýjungum í tilbúnum réttum.

Á árinu kom á markað Little Moons (mochi-ísinn) með tveir vegantegundir.

Umhverfisvænni umbúðir

Samstarfsbirgjar leggja áherslu á að bæta vörur sínar út frá sjálfbærni- og umhverfisáhrifum.

- Dæmi um slíka vöru er Bondi Sands Pure línan:
- Vörurum er pakkað í fullkomlega endurvinnanlegar pakkningar
- "Cruelty free" og vegan
- Pakkningar úr endurunnu plasti og hægt að endurvinna aftur




Stafræn umbætur í vefverslun

Vinsældir vefverslunarinnar eru sífellt að aukast. Viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir og afta sér upplýsinga þegar þeim hentar. Til að takast á við auknar vinsældir er leit að leiða til að gera upplifun viðskiptavina enn betri í gegnum vefinn.

Dæmi um verkefni sem hafa verið innleidd á árinu eru skilvirkari „mínar síður“ þar sem viðskiptavinurinn getur m.a. búið til sína eigin lista.

Fjöldi viðskiptavina virkir í vefverslun árið 2016-2021




Birgjamat

Birgjamat er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni-mælefni. Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stjóðumat.

Staðlaður spurningalisti er sendur á birginn og framkvæmdastjóri þeirrar deildar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta það hvort birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði sem og samfélagsábyrgð.

Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins til að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til þess að ýta undir vitundarvakningu um sjálfbærni-mælefni hjá þeim sem fyrirtækið verstar við.



Þátttaka í samfélagsverkefnum


Ölgerðin tekur þátt í mörgum samfélagslega ábyrgum verkefnum. Hún er í samstarfi við Vinnumálastofnun og Virk þar sem leitast er við að ráða fólk til Ölgerðarinnar sem hefur verið lengi á atvinnuleysislista og er við það að missa bótarétt sinn.

Fjölskylduhjálp **Björgunarsveitin Sigurvon Sandgerði**
Fangelsin **Rauði krossinn** **Samhjálp**
Mæðrastyrksnefnd **Heimili fyrir heimilislaus**
Pepp Ísland - samtök fólks í fátækt
Landsbjörg **Landspítalinn**
Frú Ragnheiður

Stuðningur við hreyfingu barna

Skólablað er samstarfsverkefni Blaksambandsins í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ, CEV (Confédération European Volleyball), BeActive og blakfélaga víða um land. Kristall er styrktaraðili verkefnisins, sem ýtt var úr vör í fyrsta sinn í október 2021.

Skólablað eru blakmót haldin víðsvegar um landið fyrir börn í 4-6. bekk grunnskóla. Markmiðið er að auka þátttöku barna í blaki og búa til skemmtilegan viðburð sem stuðlar að hreyfingu barna.






Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigðari vinnustaður

Við leggjum áherslu á að láta til okkar starfsfólk með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kyni og af öllum aldri. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn og hugmyndir og á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga þjónustu fyrirtækisins að þeim.

Við náum betri árangri með fjölbreytileikanum og sköpum þannig eftirsóttari vinnustað.

Kynjaskipting í Ölgerðinni



Mannauðsstefna

Framtíðareyning Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Lykillinn að þeirri sýn felst í mannaúti fyrirtækisins þar sem jákvæðni, lífeðanleiki, hagkvæmni og framsækni er höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna Ölgerðarinnar miðar að því að allar akvarðanir sem teknar eru skapi fersendur til að framtíðarsýn fyrirtækisins verði að veruleika.

Markmið mannaúðstefunnar er að stuðla að starfsánægju meðal starfsfólks og að Ölgerðin hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Gott og ánæggt starfsfólk er grunnurinn að vel reknun fyrirtæki og eru því starfsmenn Ölgerðarinnar ein af helstu auðindum fyrirtækisins. Mannauðsstefnan telur í sér að vera stefnumarkandi og stýðandi við glíði Ölgerðarinnar og stuðla þannig að samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Lögð er áhersla á að starfsfólk Ölgerðarinnar lifi glíði fyrirtækisins. Það er gert með öflugri mannaúðsdeild sem stuðlar meðal annars að:

- faglegum vinnubrögðum við ráðningar og móttöku nýliða
- því að leggja áherslu á fræðslu og starfsþróun
- því að huga að öryggi, heilsu og aðbúnaði starfsmanna
- öflugum upplýsingaflæði
- stöðugum umbótum og framsækni
- faglegri ráðgjöf og stuðningi við stjórnendur
- því að framkvæma reglulega kannanir, greiningar og mælingar
- faglegri frammistöðustjórnun

Á þessum hátt sköpum við skemmtilegan vinnustað og sterka líðsheld sem nær markmiðum Ölgerðarinnar til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, samfélagið, starfsfólk og hluthafa.

Jafnréttisstefna

Það er stefna Ölgerðarinnar að alls staðar í fyrirtækinu sé fyllsta jafnréttis gætt óháð aldri, kyni, kynheildi, kynvitund, þjóðerni, lítarhafti, og velgengi. Stjórnmalaskoðun eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.

Ölgerðin ræður og hefur á að skipa hæfasta starfsfólki hverju sinni. Mannauður fyrirtækisins er ein helsta auðind þess og lykillinn að árangri og velgengi.

Áhersla á starfsmanna, jafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, frumkvæði, endurgjöf, trúnað, fræðslu og starfsþróun skapar skemmtilegan vinnustað sem endurspeglar glíði Ölgerðarinnar.

Markmiðið með jafnréttisstefnu Ölgerðarinnar er að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og að vera eftirsóttur vinnustaður í huga allra. Unnið er að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og að stórflokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ölgerðin stuðlar að jafnrétti og fer eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Unnið er eftir aðgerðaaætlan um framkvæmd jafnréttisstefnu sem gerð er til veggja ára í senn og er endurskoðuð árlega.

Stjórnendur Ölgerðarinnar gera sér grein fyrir því að fyrirtækið getur enn jafnað kynjahlutaföll og vinnur að því innan deilda fyrirtækisins.


Jafnlaunastefna

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn ómálefnalegum launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt óháð kyni. Ölgerðin er með vottaða jafnlaunastefnu og hefur skuldbundið sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti þess, óháð kyni. Með jöfnun launum er átt við að laun skuli ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunar skuli ekki fela í sér launamismun.

Flokkun starfa er gerð samkvæmt jafnlaunaviðmiðum. Viðmiðin eru notuð til grundvallar á verðmætaflokkun og öryggisráðgjöf öllum störfum í Ölgerðinni.

Jafnlaunastefnu Ölgerðarinnar er ætlað að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og tryggja að sömu verklagsreglur glíði um launaákvæðanir allra starfa innan fyrirtækisins. Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir Ölgerðin að lögum og kröfum sé framfylgt.


Ölgerðin er jafnlaunavottuð samkvæmt IST85:2012 staðlinum.



Starfsánægja

Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannaúti fyrirtækisins. Ánægja starfsfólks er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölgerðarinnar til að ná samkeppnisforskoti. Fylgt er með þróun hennar með reglulegum mælingum hlutfæssa fagaðila og er niðurstöður kynntar starfsmönnum og nýttar til úrbóta. Markmið um að starfsánægja mælist yfir 85% náðist árið 2020.

Starfsánægja



Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólki í vinnu hjá Ölgerðinni, þjálfa það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólki getur fyrirtækið veitt framúrskarandi þjónustu.


Allt frá stofnun Ölgerðarinnar, árið 1913, hefur fyrirtækið veitt svigrúm fyrir kjarabaráttu og félagafrelsi. Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact en þar segir fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þrælkunarvinnu, háttsemi sem Ölgerðin fordæmir og á ekki að líðast. Ölgerðin gerir skriflegan ráðningarsamning við allt starfsfólk í upphafi þar sem tilgreind er laun, kröfur og vinnutími.

Ölgerðin ræður aldrei börn undir 16 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.

Vinnuvernd og öryggi

Öryggi og heilsuvernd starfsfólks okkar er í fyrirrúmi

Fjöldi vinnuslysa




Núllslyasstefna

Öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðaþjálfun, framúrskarandi tækjagæsti, öruggum aðbúnaði og tryggum verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldinu eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum næstum því slendum þar sem starfsmenn skrá tilögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.

Slysum og fjarverustundum vegna slysa fækkaði á milli ára. Hvert slys er einu af mikið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núllslyasstefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.

Slys á vinnustað sem hlutfall af fjölda starfsmanna



- 2017
- 2018
- 2019
- 2020
- 2021

HEILSU- OG ÖRYGGISVIKA




Heilsuefliandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt með margvislegum hætti til heilsueflingar hjá Ölgerðinni. Því er boðið að nýta sér heilsustyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þá sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.

Á hverju er haldin heilsu- og öryggisvika með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Vikan er samsett af fjölda viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna og jóga. Ölgerðin stuðlar að því að fyrirkomulagið og dagskráin sé eins og best er á kosið hverju sinni svo flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu.

Heilsuvernd

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er vildurkendur heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustubættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsmanna, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu.



HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmatur

Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsfólki innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvern skal leita innan heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk leitar áfram til heililsleka sinna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistar starfsfólks, deilda og fyrirtækisins með möguleika á sambandi milli deilda og annarra fyrirtækja. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

Fræðsla og þjálfun

Starfsfólk Ölgerðarinnar er ein dýrmætasta auðind fyrirtækisins. Það sér ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það dugnauður þess og áráðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa keypt vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er því mikilvægt kappspatið fyrir Ölgerðina að sjá til þess að starfsfólki fyrirtækisins líði vel við störf sín og að það vaxi og takni í takt við árangur þess.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari vinnu er að sjá til þess að starfsfólk njóti góðrar þjálfunar og að góður árangur í starfi skili sér í aukinni ibýrð og umbun innan fyrirtækisins.

Fræðsla starfsfólks fer að mestu fram í gegnum rafrænt fræðsluferfi, Ölgerðarskólann. Hlutverk Ölgerðarskólans er að auka við þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu.

Þegar starfsfólk hefur störf hjá Ölgerðinni er því veittur aðgangur að Ölgerðarskólann. Það fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem farið er yfir öll helstu atriði varðandi sögu, stefnu, reglur og rekstur fyrirtækisins.

Skyldurfræðsla nýs starfsfólks er ákvörðuð út frá þörfum og þeim gæðakröfum sem Ölgerðin þarf að uppfylla hverju sinni.



Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynna samstarfsfélögum og til þess að þekka störf er boðið að nýta sér starfaskipti starfsfólks aðrar deildir og ver að minnsta kosti hálfum degi með starfsfólki á öðrum vinnustöðum og lærir af því.


Tveir mánuðir á ári eru sérstaklega tileinkaðir starfaskiptum en að sjálfsgögu getur starfsfólk farið í starfaskipti á öðrum tímum. Þegar nýir starfsmenn hefja störf fara þeir oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fjórtí á starfseminu og kynna störf.

Samskipti

Unnið er markvisst að því að starfsfólk sé vel upplýst þegar kemur að markmiðum og starfsemi Ölgerðarinnar, s.s. nýjum vörum, viðburðum eða öðru sem viðkemur starfsfólki fyrirtækisins með beinum eða óbeinum hætti.

Hver deild innan fyrirtækisins hittist á hálfmíta fundi í hverri viku. Farið er yfir markmið deildarinnar og nýliða vika greind ásamt því að skilulegga umbótaerkefni. Þessir fundir kallast V.1-fundir og eru til þess að starfsfólki viti hvernig það stendur gagnavart markmiðum Ölgerðarinnar hverju sinni og hafi allar upplýsingar sem það þarf til að geta unnið starf sitt.

Á hverjum föstudegi eru haldnir upplýsingafundir sem um það bil 70 sækja hverju sinni. Fundurinn stendur yfir í hálfmíta.



Hringrásarhagkerfi


Ölgerðin ætlar að setja aukinn kraft í að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu og vera þar í framfarðarsveit íslenskra fyrirtækja. Kapp verður lagt á að draga úr söun í öllu ferlinu (hræfni og umbúðir, hönnun, framleiðsla, flutningur, notkun/endurnotkun/viðgerðir/deilipjónusta, söfnun og endurvinnsla).

Endurunnið PET í plastflöskur Ölgerðarinnar

Ölgerðin nýtir 50% endurunnið PET í plastflöskur og eru plastflöskur 5,5 g léttari nú en árið 2008. Stefnt er að frekari fjárfestingum til að létta þær enn frekar. Í ytri umbúðir er einnig notað 50% endurunnið plast.

Upplýsingar um umhverfisáhrif umbúða


EFLA verkfræðistofa var fengin til að gera vistferilsgreiningu á mismunandi drykkjarvöruumbúðum Ölgerðarinnar. Stöðugt er unnið að því að minnka kolefnisspor umbúða Ölgerðarinnar. Hægt er að skoða skýrslu EFLU og niðurstöður hér.



Brettafilma 43% léttari en áður

Umbótaverkefni sem sneri að því að þynna brettafilmu í starfseminni skilaði sér í því að hún er 43% léttari en áður. Stöðugt er leitað leiða til að lágmarka plastnotkun í starfseminni.

Skilahlutfall %



Hringrás umbúða

Það er mikilvægt að einnota drykkjarvöruumbúðir skili sér í endurvinnslu svo þær eigi möguleika á framhaldslífi. Endurvinnslan, sem Ölgerðin á 20% eignarhlut í, sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis og selur til endurvinnslu.

Skilahlutfallið jókst milli ára og var 91,4% 2021.

| Skilahlutfall árið 2021 | | |
|-------------------------|-------------|------------|
| 93,2% dósir | 92,1% plast | 82,5% gler |


Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur

Neytendur gera í slauknum mæli kröfur um að fá að vita um uppruna framleiðsluvara og aukna upplýsingagjöf um umhverfisleg áhrif þeirra. Þess vegna fól Ölgerðin EFLU verkfræðistofu að gera vistferilsgreiningu á hinum ýmsu umbúðum og mismunandi áhrifum þess að framleiða hér á landi eða flytja inn fullunnar drykkjarvörur og hvaða áhrif það hefði á umhverfið. Þar kemur skýrt fram griðarlegur umhverfislegur ávinningur þess að framleiða drykkjarvörur hér heima samanborið við það að flytja inn framleiðsluvöru en munurinn á kolefnisslosun vegna flutninga er allt að 589%. Ölgerðin bendir á að skýrslu EFLU verkfræðistofu má finna í heild sinni á vef Ölgerðarinnar.


Flokkunarhlutfall eykst milli ára

Á síðasta ári var reist nýtt húsnæði og framleiðslulína á lóð Ölgerðarinnar. Heildarmagn úrgangs jókst því talsvert á milli ára og má rekja til framkvæmdanna.

Próun úrgangs (kg)



Hlutfall flokkaðs sorps



Bjorsjampó unnið með Verandi

Hluti af hráefnum sem falla til við bruggun á Gull er nú nýttur til framleiðslu á einstöku íslensku sjampói hjá Verandi. Hringrásarhagkerfið skiptir okkur máli og þetta er dæmi um hvernig megi uppvinnna hráefni sem fellur til hjá okkur. Þannig er affalli við framleiðslu á bjór gefið nýtt líf.

Stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar

Ölgerðin er stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar. Við framleiðslu á meðal annars Bola notum við íslenskt bygg. Það skiptir okkur máli að nota íslenskt hráefni við framleiðslu enda er það umhverfisvænni kostur en innflutt hráefni.



Hringrásarhugsun við framleiðslu


Stöðugt er leitað leiða til að gera hlutina betur fyrir umhverfið. Sem dæmi þá er stór hluti glatvarma endurnýttur frá gufukerfum okkar. Það þýðir að gufu sem er notuð til upphitunar og suðu á hinum ýmsu stigum framleiðslunnar er safnað saman á forðatanka í formi 70°C vatns og þarf því ekki að hita kalt vatn frá 5°C. Hér er því um aldvörkusparnað að ræða.

Við endurnýttum glatvarma frá gufukerfum okkar

Pappírslaus viðskipti

Ölgerðin hefur pappírslaus viðskipti að leiðarljósi. Fyrirtækið notar prentlausan sem kallast Rent a Prent sem hefur leitt til þess að öllum greiðum verulega úr prentuðum pappír. Starfsmannamöppur eru í auknum mæli á rafrænu formi og er stefnan sú að þær verði pappírslausar. Fjármálasvið hefur unnið að því að koma viðskiptavinum í pappírslaus viðskipti og koma nú reikningar í meira magni rafrænt en áður. Talning á prentuðum blaðsíðum jókst á árinu. Prentarar sem höfðu ekki verið tengdir áður við lausnina frá Rent a Prent voru tengdir á árinu sem skýrir aukninguna. Í kjölfarið var tryggt að allir prentarar tengdir starfseminni væru tengdir við Rent a Prent.

Prentaðar blaðsíður í Ölgerðinni



Kolefnishlutleysi

Ólgerðin er í framvarðarsveit íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærni. Hún hefur sett sér metnaðarfull markmið sem miða að því að samræmast markmiði Parísarsamkomulagsins um að halda hækkun hitastigs jarðar innan við 1,5°C til 2030 (e. Science Based Target). Ólgerðin hefur einnig sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040.




Orkuskipti hjá Ólgerðinni


Rekstur Ólgerðarinnar verður með 100% endurnýjanlega orku í stað jarðefnaeldsneytis árið 2030. Árið 2014 tók Ólgerðin fyrsta rafmagnsbílinn í notkun sem var sendibíll að gerð Renault Kangoo. Þar með hófst vegferð Ólgerðarinnar í orkuskiptum. Árið 2018 voru settar upp rafhleðslustöðvar í bílastæðahúsi Ólgerðarinnar. Samhliða var öllum bílum áfyllingar skipt yfir í rafmagnsbíla. Í flota Ólgerðarinnar eru um 70 fólkabílar sem starfsfólk fer á heim. Unnið var að því á árinu að finna lausn fyrir starfsfólk til að mögulegt væri fyrir það að skipta yfir í rafmagnsbíla. Taka þurfti til greina að innviðir heimilanna væru ekki jafn langt á veg komnir og það metnaðarfulla markmið um orkuskipti sem Ólgerðin hefur sett. Starfsfólk er boðinn styrkur fyrir uppsetningu á hleðslustöð og það fær endurgreiddan kostnað vegna þess rafmagns sem það leggur út fyrir.

Rafbílar eru nú 10% af bílafлотanum og miðað við endurnýjanbarbörf mun hlutfallið nálgast 30% á næsta ári. Ólgerðin er einnig með sendibíla sem afhenda vörur og var fyrsti síki rafmagnssendibíllinn tekinn í notkun á árinu. Þá er Ólgerðin með flutningabíla en rafmagnsflutningabílar eru ekki enn í sölu.

Enginn umboðsaðili þeirra framleiðenda sem eru á íslenska markaðnum er tilbúinn með innviði og þjónustu. Mögulegir rafmagnsvöruflytningabílar gætu komið til landsins 2024 og munum við þurfa að tryggja afl og orku inn á löðina fyrir þann tíma.




Orkuskipti



Rafmagn aðalorkugjafi gufukatla í framleiðslu

Orka fyrir gufukatla



Pungamiðja í bjórfarmeðslu Ólgerðarinnar eru gufukatlanir. Þeir eru tveir og gengur annar fyrir rafmagn og hinn fyrir ölu.

Á miðju ári 2018 var rafmagnsgufuketillinn settur í forgang fram yfir ölluketillinn. Því hefur rafmagnsnotkun aukist frá 2018 en dregið úr öluönotkun.

Þannig hefur umhverfisvænni orka aukist í stað ömhverfisvænni. Rafmagnsgufuketillinn er þannig keyður í botni en ef þörfin er umfram hann tekur öllu gufuketillinn við. Með aukinni framleiðsluþörf eykst því notkunin á ölu fyrir framleiðslu og liggur því fyrir ákvörðun um fjárfestingu á nýjum rafmagnsgufukatti til að hætta allri notkun ölu.




Kolefnisspor reksturs hefur minnkaði um 65% frá árinu 2016

Ólgerðin skrifaði undir yfirlýsingu um loftslagsmál ásamt 103 öðrum fyrirtækjum þann 16. nóvember 2015 í Höfða. Yfirlýsingin fólst í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Til að fylgja þessu eftir setti Ólgerðin sér markmið um að ná niður losun sinni um 40% til ársins 2030. Þessu markmiði var náð 2019 með markvissum aðgerðum.

Kolefnisspor reksturs minnkaði um 25% milli ára

Ólgerðin var meðal fyrstu íslensku fyrirtækjanna til að ná utan um og setja sér markmið með vísindalega samþykktum hætti (Science Based Targets). Ólgerðin fékk ráðgjafaryrirtækið EY til að leiða vinnu og tryggja að hún stæðist mat þriðja aðila. Starfsfólk tók þátt í því að ná utan um kolefnisspor starfsmannar og virðiskeðjunnar með vinnustofum sem haldað voru á árinu.


Í þessari vinnu kom fram að ekki hefði verið gerð grein fyrir losun vegna kælmíðla frá okkar eigin starfsemi og var henni því bætt við í losunarbókhaldið okkar frá 2016. Hægt er að skoða niðurstöður vinnunnar með EY á vef Ólgerðarinnar.



Náð utan um kolefnisspor allrar virðisreðjunnar með vísindalega samþykktum hætti (Science Based Targets)

Ólgerðin skrifaði undir yfirlýsingu um loftslagsmál ásamt 103 öðrum fyrirtækjum þann 16. nóvember 2015 í Höfða. Yfirlýsingin fólst í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Til að fylgja þessu eftir setti Ólgerðin sér markmið um að ná niður losun sinni um 40% til ársins 2030. Þessu markmiði var náð 2019 með markvissum aðgerðum.


Skipting CO2 í umfang 3



Kolefnisspor virðisreðjunnar jókst um 10% milli ára

Kolefnisspor vegna losunar á umfangi þrjú jókst um 10% milli ára og er hægt að sjá skiptinguna á aukningunni hér á eftir. Á árinu tók Danól, dótturfélag Ólgerðarinnar, yfir hluta af viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar. Þau kaup og aukning í sölu Ólgerðarinnar skýrir aukningu á kolefnisspori aðkeypra vara og þjónustu og flutnings.

Ólgerðin á 40% í Iceland Spring og jókst útflytningur af vörum félagsins sem skýrir aukningu á kolefnisspori vegna útflyttings. Úrgangur jókst einnig milli ára vegna byggingarframkvæmda og nýrrar framleiðslulínu. Þá jukust viðskiptaferðir eftir Covid.



Markmið Ólgerðarinnar miðar að því að halda hlýnun jarðar innan 1,5°C

Ólgerðin setti sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalegum samþykktum hætti og miðar að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target („SBT“)). Hægt er að skoða þau fyrirtæki sem vinna eftir þessum viðmiðum og hafa fengið það staðfest á vef Ólgerðarinnar.

Þetta þýðir að Ólgerðin ætlar að draga úr losun frá rekstri um 42% til viðbótar (umfang 1 og 2) og mæla og draga úr umfangi 3 frá árinu 2020.

Hluti af leiðarvis Science Based Targets er að reyna stöðugt að ná betur utan um losun frá virðisreðju fyrirtækisins. Eftir því sem fleiri þættir verða teknir inn í umfang kolefnissosunar Ólgerðarinnar munu viðmið og markmið breytast. Þá geta útreikningar breyst aftur í tímann eftir því sem þeir verða nákvæmari. Þannig þarf að endurskoða markmið og aðgerðir frá ári til árs.




Umhverfisvænni framleiðslulína fyrir dósir

Ný viðbygging fyrir framleiðslu dósa hefur verið tekin í notkun. Umhverfisáhrif eru minni við byggingu og rekstur húsnæðis þar sem notað er limtré. Í öllu ferlinu við uppsetningu á nýrri framleiðslulínu fyrir dósir höfum við hugað að umhverfisþættinum.

Framleiðslulínan er hönnuð út frá framleiðslufloði til að besta og hámarka notkun á auðindum. Engar plastumbúðir eru á framleiðslulínunni og ákvörðun var tekin um að hætta notkun á Hi-Cone fyrir línu.

Net-Zero 2040 (kolefnishlutleysi)

Ólgerðin stefnir að því að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust árið 2040. Fyrirtækið mun þannig minnka áhrif sín á umhverfið eins mikið og unnt er og binda það sem stendur eftir með vottuðum kolefniseiningum. Það er mikilvægt að fyrirtæki komi að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þessu markmiði verður m.a. náð með orkuskiptum og með því að setja kraft í það að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu, frá hráefnum og umbúðum til endurvinnslu.



DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION



13.150 tré gróðursett á vegum Kolviðar

Ólgerðin fjárfesti í gróðursetningu 13.150 trjáa á vegum Kolviðar sem samsvarar fjárfestingu vegna kolefnissosunar frá rekstri á árinu.

Loftslagstengi áhætta og tækifæri

Ljóst er að loftslagsbreytingar hafa í för með sér áhætta og tækifæri fyrir rekstur Ólgerðarinnar. Aukin vitund og skilningur á loftslagstengdri áhætta og tækifærum innan fyrirtækisins skilar sér í betri áhættuskiðningu og í upplýstara strategisku skipulagi. Hægt er að skoða greiningu á loftslagstengdri áhætta og tækifæri til viðbrogða hér.

Markmið 2022

1

Starfsánægja
yfir 85%

2

Núllslystefna

3

Auka vöruúrval hollari
valkosta í drykkjarvörum

4

Hlutfallslega varið meira
fjármagni í markaðssetningu
á hollari vörum

5

Fjölga viðskiptavinum í
vefverslun og fjárfesta í
henni

6

Auka úrval hollari
valmöguleika innfluttra
matvara

7

Meira vegan

8

Samningur um skógrækt

9

30% rafbílar

10

Hringrásarhagkerfis
verkefni